

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 31. janúar 2024  
UST202312-007/S.A.J.  
10.05.00

## **Efni: Ósk um umsögn - mat á umhverfisáhrifum - Færsla Hringvegur í Mýrdal**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 1. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda frummatsskýrslu.

### **Framkvæmdarlýsing**

Vegagerðin áformar uppbyggingu á Hringvegi um Mýrdal. Umferð um núverandi veg hefur aukist umtalsvert og er þörf á endurbótum til að Hringvegur um Mýrdal uppfylli veggönnunarreglur Vegagerðarinnar. Jafnframt hefur þéttbýlið í Vík stækkað með tilheyrandi umferð óvarinna vegfarenda yfir og við veginn.

### **Valkostir**

Í skýrslunni eru skoðaðir sex valkostir, þar af þrjú er gera ráð fyrir þverun Mýrdals og jarðgöngum í gegnum Reynisfjall, valkosti 1/1b, 2 og 3, auk þess sem rætt er um veglínu samkvæmt aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033 er liggur nokkuð samsíða þeim jarðgangavalkostum er fjallað er um í skýrslunni. Umhverfisstofnun fjallaði nokkuð ítarlega um umhverfisáhrif af þeirri veglínu í umsögn frá 8. mars 2023 um endurskoðun á aðalskipulaginu<sup>1</sup> og er vísað til þeirrar umsagnar varðandi jarðgangavalkosti. Stofnunin ritaði einnig umsögn um matsáætlun vegna þessarar umhverfismatsskýrslu þann 19. janúar 2022<sup>2</sup>.

Í skýrslunni er einnig fjallað um þrjú valkosti þar sem ekki er gert ráð fyrir þverun Mýrdals og jarðgöngum í gegnum Reynisfjall og eru þar á meðal þeir valkostir er Vegagerðin leggur til að valdir verði, þ.e. valkostur 4 eða 4b. Í skýrslunni kemur fram að minnst umhverfisáhrif hljótist af valkosti 5 sem fylgir mest núverandi veglínu en sá valkostur sé sístur varðandi umferðaröryggi þar sem þjóðvegurinn mun áfram liggja í gegnum þéttbýlið í Vík. Valkostir 4 og 4b hafa næst minnst umhverfisáhrif í för með sér.

Valkostir 4 og 4b uppfylla markmið framkvæmdarinnar um bætt umferðaröryggi, greiðfærni og færslu Hringvegur út fyrir þéttbýli. Þeir eru talsvert hagkvæmari en valkostir 1/1b, 2 og 3 og hafa minni áhrif á umhverfið. Því telur Vegagerðin rétt að mæla með valkosti 4 eða 4b. Umhverfisstofnun tekur undir þessa niðurstöðu.

### **Lög um stjórn vatnamála**

Umhverfisstofnun bendir á markmið laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 fjalla um að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og

<sup>1</sup> <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Umsagnir/Ums%c3%b6gn%20M%c3%bdrdalshreppur8.3.23.pdf>

<sup>2</sup> <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/10%20Ums%c3%b6gn%20-%20M%c3%bdrdalur.pdf>

langatímavernd vatnsauðlindarinnar. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillögunni og bendir á vefsíðuna [www.vatn.is](http://www.vatn.is) fyrir frekari upplýsingar.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla) og öll skilgreind vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki. Starfsemi eða framkvæmdir mega ekki valda því að vatnshlot nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau. Til þess að hægt sé að leggja mat á hvort að starfsemi og framkvæmdir hafi áhrif á vatnshlot þarf að fara fram mat á áhrifum á gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir vatnshlotin. Áhrifamatið þarf að uppfylla kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og breytingar á starfseminni eiga að samræmast markmiðum og kröfum laganna. Í því felst að fjalla skal um og meta áhrif framkvæmdarinnar á gæðapætti þess/þeirra vatnshlota sem um ræðir og hvort framkvæmdin geti leitt til þess að þau nái ekki umhverfismarkmiðum.

Umhverfisstofnun bendir auk þess á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

## Niðurlag

Umhverfisstofnun er sammála mati Vegagerðarinnar að valkostur 4 eða 4b séu bestu leiðirnar til að bæta samgöngur um Mýrdal og gerir ekki athugasemdir við skýrsluna.

Virðingarfyllt,

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

**teymisstjóri**

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**